Ed. **90. Frumvarp**

til laga um breyting á fátækralögum frá 10. nóv. 1905.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Eftir 16 ára aldur vinnur hver sá, sem hefir íslenskan ríkisborgararjett, sjer framfærslurjett í þeirri sveit, þar er hann hefir dvalist í 3 ár samfleytt búandi, vistfastur eða haft löglegt heimilisfang, enda hafi hann eigi þegið sveitarstyrk eða styrk eftir þessum lögum á þeim árum.

2. gr.

Hjer heimilisfastir danskir ríkisborgarar vinna sjer sveit eftir þeim reglum, er segir í 1. gr.

Aðrir utanríkismenn vinna sveit hjer á landi, þá er þeir fá íslenskan ríkisborgararjett, og eiga þá framfærslurjett í þeirri sveit, þar sem þeir eiga lögheimili er þeir öðlast ríkisborgararjettinn, þangað til þeir hafa unnið sjer sveit, eftir reglum 1. greinar, annarsstaðar.

3. gr.

Þeirri sveitfesti, er menn hafa unnið sjer áður en lög þessi ganga í gildi, halda þeir þangað til þeir þar eftir hafa unnið sjer sveitfesti annarsstaðar samkvæmt lögum þessum. Að öðru leyti fer um sveitfesti manna frá þeim degi að telja, er þau öðlast gildi, svo sem segir fyrir um í lögum þessum. Þó skulu þeir menn, er dvalið hafa síðustu 5 árin, áður en lögin komu í gildi, sveitfestisdvöl í einhverri sveit, vinna sjer þar framfærslusveit, ef þeir halda áfram dvöl sinni þar á eftir í hinni sömu sveit enn 2 ár, og að öðru

leyti uppfylla skilyrði laga þessara. Ef mann skortir minna en 2 ár til þess að hafa unnið sjer sveit með 10 ára dvöl þá er lög þessi öðlast gildi, þá þarf hann þó ekki að halda áfram dvöl sinni í sömu sveit nema þann tíma, sem á vantar til þess að 10 árin verði full, enda uppfylli hann að öðru leyti lögmælt skilyrði fyrir sveitfesti.

4. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi feldar 32., 36. og 37. gr. fátækralaganna frá 10. nóv. 1905 og önnur ákvæði, sem koma kunna í bága við þessi lög.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1924.